

Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafrettar
Meiritunga 1
851 Hella

Reykjavík, 4.12.2024
UST202401-316/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15.10.2024, þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafrettar í Galtalæk þann 27.8.2024. Þann 13. og 29.11.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun í fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukningu (heildarvöxtur) á ári. Fosfór losun reiknaðist út frá fóðri 7,5 kg P/tonn er því yfir mörkum starfsleyfis.
Rekstraraðili leitaði sér ráðgjafar vegna útreikninga á fosfór. Rekstraraðili reiknaði losun þessa árs frá janúar til október 2024 til að sýna fram á að losun sé undir mörkum á þessu ári. Niðurstaðan var 6,9 kg / fosfór per tonn, sem reyndist rétt undir mörkum losunar sem eru 7 kg/tonn. Einnig reiknaði rekstraraðili framleiðslu fyrir nóvember. Rekstraraðili telur að hann geti haldið losun undir mörkum. Umhverfisstofnun mun taka fosfór losun til skoðunar í næsta eftirliti þar sem losunin er nálægt mörkum fyrir árið 2024.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun hins vegar við lágmarksfóðrun. Sýni voru aðeins tekin einu sinni og þá var stöðin tóm.
Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur nýtt verklag verið tekið upp. Rekstraraðili hefur tekið sýni við hámarks og lágmarksfóðrun og sendi stofnuninni niðurstöður mælinganna.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur